

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Dalabyggð Höskuldsstaðir



Dags eftirlits	8.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Dalabyggð	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Miðbraut 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5106942019	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Viðar Þór Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi komu fram við eftirlit og engar ábendingar eru lagðar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Dalabyggðar við Laxárdalsveg í landi Höskuldsstaða í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunaryrnareftirlit. Starfsleyfi rekstraraðila heimilar móttöku til urðunar á 500 t af úrgangi sem hefur verið meðhöndlaður og telst tækur á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang. Starfsleyfið var gefið út þann 9. september 2015 og nær gildistími starfsleyfisins til 9. september 2027.

Dagskrá eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Gildistími starfsleyfis
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð á urðunarstað

Á árinu 2023 voru urðuð 29 t af óvirkum úrgangi á urðunarstað Dalabyggðar.

Rædd var sú staða að það styttest í að gildistími starfsleyfis renni út og var því rekstraraðila bent á að skoða næstu skref. Hyggst rekstraraðili halda áfram rekstri urðunarstaðar að þá þurfi að sækja um endurnýjun á starfsleyfi tímanlega. Ef það standi hins vegar til að loka urðunarstaðnum, þá var rekstraraðila bent á gr. 1.7 í starfsleyfi er fjallar um lokun urðunarstaðar. Ber rekstraraðila að leggja fyrir áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðar og þarf hún að liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur og miðast þá sú dagsetning við þann 9. september 2025.

Engar athugasemdir eru lagðar fram vegna skráninga á umhverfispáttum urðunarstaðar, hvorki á niðurstöðum mælinga eða einstaka þáttum skráninga, einnig var skilafrestur virtur.

Fékk rekstraraðili kynningu á breyttri gjaldskrá Umhverfisstofnunar ásamt breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlita, sem og var tekið til umfjöllunar menngaður jarðvegur.

Niðurstaða áhættumats miðað við núverandi stöðu setur viðmið um tíðni eftirlits fyrir urðunarstaðinn þriðja hvert ár, þ. e. flokk D.

Farið var í skoðunarferð inn á urðunarstað og var ekki tilefni til athugasemda vegna aðkomu og ásynndar inn á urðunarstað.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir